

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 7. desember 2018  
UST201810-214/Ý.G.  
09.01

### Efni: Tilnefning fulltrúa í ráðgjafanefnd fyrir Friðland að Fjallabaki

Umhverfisstofnun óskar eftir tilnefningu þriggja fulltrúa Rangárþings ytra (áður Landmannahreppur, Holtahreppur og Rangárvallahreppur) í ráðgjafanefnd fyrir Friðland að Fjallabaki í samræmi við auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Í auglýsingunni segir m.a. að ráðgjafanefndin skuli vera skipuð af fimm manna nefnd og tilnefna Landmannahreppur, Holtahreppur, Rangárvallahreppur (nú Rangárþing ytra), Ferðafélag Íslands og Náttúruvernd Ríkisins (nú Umhverfisstofnun) sinn fulltrúa hver. Nefndin skal vera Umhverfisstofnun til ráðuneytis um stjórn friðlandsins.

Óskað er eftir því að tilnefning fulltrúanna berist eigi síðar en 28. desember 2018 ásamt heimilisfangi og netfangi þeirra.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera kostnað vegna þátttöku síns fulltrúa í nefndinni.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Olafur Arnar Lónsson  
Sviðsstjóri